

## Spekingur vikunnar



1. Hvað heitir þú ? Finnur.
2. Hvað ertu gamall ? 4 ára.
3. Getur þú sagt okkur frá fjölskyldunni þinni ? Hún heitir Kolla.
  - a. Heitir fjölskyldan þín Kolla? Já. Ég á margar fjölskyldur (sýnir marga putta). Ég á Óskar og Tryggva, mömmu, pabba og Hrafnhildi, og stóru systir mína hana Huldu og svo bara alla fjölskylduna mína.
4. Hvað finnst þér gott að borða ? Físk.
5. Hvað finnst þér skemmtilegast að gera ? Að gera Hulk-Karl. Hann er ljótur, Hulk-Karlinn.
  - a. Af hverju? Því ég geri hann til í maganum á mér, þá verður hann risastór og kann að skemma hús með Hulk-hendinni sinni. Ég er ekkert hræddur við hann, og hann er ekkert hræddur við mig.
6. Hvað finnst þér leiðinlegast að gera ? Að gera risaeðlu.
7. Ef þú gætir verið dýr, hvaða dýr myndir þú þá vilja vera ? Ég vill bara vera Hulk.
8. Hver er uppáhalds liturinn þinn ? Blár... eða nei, grænn! Það er Hulkinn.
9. Hvað finnst þér skemmtilegast að teikna ? Grænan Hulk.
10. Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór ? Stór Hulk.
  - a. Og hvað gerir stór Hulk? Kýla þig (glottir).
  - b. Ha?! Kýla mig!? Híhíhí (flissar).
11. Hvert myndir þú vilja fara í ferðalag ? Til Vestmannaeyja. Amma Guðfinna er þar. Hún heitir bara Guðfinna, því nafnið hennar er Guðfinna.
  - a. Og hvað ætlarðu að gera þar ? Búa þar. Hulk býr hjá ömmu Guðfinnu. Amma Guðfinna er líka Hulk. Hún getur líka kýlað þig (flissar).
12. Af hverju er himininn blár ? Hann á að vera rauður. Hann má ekki vera blár. Hann á að breytast í rauðan, svartan, bleikan og hvítan og svo aftur bláan.

